



PÉSI

35. ÁRGANGUR | 400 TBL. NÓVEMBER 2025

Athugið!

Næsta Pésa verður dreift
23. janúar. Efni þarf að
berast fyrir **19. janúar.**



Heilsugæslan tekin til starfa á Flúðum

Heilsugæsla Uppsveita opnaði hér á Flúðum þann 5. nóvember og gátu þá áhugasamir fengið að skoða ný húsakynni heilsugæslunnar að Hrunamanna-vegi 3, fræðast um starfsemina og spjalla um leið við starfsmenn. Var dagurinn vel sóttur en um 250 manns heimsóttu stöð-



Starfsmenn Heilsugæslu Uppsveita ásamt Dönu Óskarsdóttur, forstjóri HSU.

ina þennan dag. Tíu ungum fulltrúum frá sveitarfélögunum fimm sem mynda uppsveitir Árnessýslu var sérstaklega boðið á opnunina sem tákmynd framtíðarneytenda Heilsugæslu Uppsveita.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hsu mælist þjónustan sem Heilsugæsla Uppsveita veitir sínu fólki í hæstu hæðum. Slíkar niðurstöður eru góður mælikvarði á hversu öflugt starfsfólk starfar fyrir íbúa á starfssvæði Heilsugæslu Uppsveita.

Á öðrum stað í Pésanum er auglýsing um opnunartíma heilsugæslunnar en fólki er bent á að hægt er að hringja í símanúmerið 1700 allan sólarhringinn, þar er hægt að fá leiðbeinandi ráðgjöf frá hjúkrunarfræðingi sem getur leyst úr erindum eða vísað í viðeigandi úrræði, t.d. til læknis.

Í neyðartilvikum ber ávallt að hringja í 112.

Kæru sveitungar

Eftir virkilega gott sumar og haust hefur veturinn litið dagsins ljós. Segja má að hann hafi byrjað með krafti, en síðustu vikur hafa verið hófstílltar með fallegu, stilltu veðri. Við skulum vona að svo verði áfram!

Eins og gengur vilja haustin gjarnan vera annasöm hjá okkur flestum hér í sveit. Í ráðhúsinu hefur vinna við flutninga yfir í Félagsheimilið staðið yfir sem og vinna við fjárhagsáætlun. Fyrri umræða fjárhagsáætlunar var þann 20. nóvember sl. Við höfum verið stíf á bremsunni við þessa vinnu á útgjaldahliðinni, þar sem Jöfnunarsjóður skerðir okkur um 65 milljónir á milli ára, og þær tekjur sem Skeiða- og Gnúperjahreppur hefur skilað okkur vegna grunnskólans hverfa alveg. Þess má geta að nokkur hagræðing hefur átt sér stað í grunnskólanum vegna fækkunar nemenda. Rétt er að geta þess að margir koma að vinnu við fjárhagsáætlun og eiga nefndarfólk, starfsfólk Ráðhúss, forstöðumenn stofnana og sveitarstjórn miklar þakkir skyldar fyrir góða vinnu. Ég vil einnig hvetja íbúa til að láta sig málin varða og mæta á íbúafund 25. nóvember nk. þar sem vel verður farið yfir fjárhagsáætlun, fjárfestingar og öll þau mál sem brenna á íbúum.

Ný heilsugæsla hefur nú opnað á Flúðum. Gaman var að HSu skyldi halda opinn dag, og nýttu margir íbúar sér tilefnið og skoðuðu aðstöðuna. Ekki verður annað sagt en að um stórglæsilega aðstöðu sé að ræða og gaman að sjá hvað starfsfólk er ánægt og mönnun góð. Þjónustan er því tryggð áfram. Apótek Suðurlands opnar svo á nýju ári og þurfa íbúar uppsveita því ekki lengur að keyra langar leiðir eftir lyfjum.

Nýtt ráðhús í Félagsheimilinu hefur einnig opnað. Óhætt er að segja að bragur skrifstofunnar hafi breyst umtalsvert og starfsaðstæður batnað til muna. Bókasafn og samfélagsmiðstöð opna svo formlega 1. desember nk. á neðri hæð hússins með opunarhófi sem auglýst er sérstaklega hér í þessu blaði. Ég hvet ykkur íbúa til að kíkja við og skoða þetta fallega hús sem hefur fengið góða andlitslyftingu. Húsið verður öllum opið, hvort sem er til að lesa blöð og bækur, taka spjallið eða ganga erinda við stjórnýsluna.

Eins og áður hefur verið sagt þá blómstrar mannlífið sem aldrei fyrr. Svo virðist sem viðburðum fjölgi á milli ára – allavega er það upplifun margra. Ég hef áður hrósað félagasamtökum og öðrum fyrir þeirra framlag til samfélagsins, en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Takk fyrir ykkar framlag, kæra fólk, sem að þessu öllu saman standið.

Barnvænt samfélag – Hrunamannahreppur hefur náð þeim merka áfanga að hljóta viðurkenningu sem barnvænt samfélag frá UNICEF. Hrunamannahreppur er



sjöunda sveitarfélagið hér á landi sem hlýtur þessa alþjóðlegu viðurkenningu sem teljast má góður árangur fyrir ekki stærra sveitarfélag. Gaman er að sjá virka þátttöku unga fólksins við innleiðinguna. Ungmennaráðið hefur staðið sig ótrúlega vel og á miklar þakkir skildar. Þá er einnig vert að þakka Kolbrúnu Haraldsdóttur fyrir virkilega góða vinnu við innleiðinguna og að drífa verkefnið áfram. Takk, Kolbrún!



Kolbrún og Þórarinn með ungmennaráði.

Nú er aðventan að ganga í garð og dagurinn orðinn ansi stuttur. Ég hvet íbúa til að hugsa um náungann og gleðja þá sem eiga um sárt að binda. Óska þess einnig að þið megið njóta samverustundanna yfir hátíðarnar með öllum þeim sem ykkur þykir vænst um.

Ég óska öllum lesendum Pésans góðrar aðventu og gleðilegrar jólahátíðar um leið og ég þakka ykkur öllum fyrir skemmtilegar samverustundir á árinu sem er að líða.

*Bestu kveðjur,
Jón Bjarnason, oddviti.*

FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**
- þú færð þitt



botarettur.is

Opið hús í nýju ráðhúsi og menningarmiðstöð á Flúðum

Íbúar og gestir eru hvattir til að koma á opið hús í nýju ráðhúsi og bókasafni/menningarmiðstöð á Flúðum, mánudaginn 1. des. frá kl. 16 til 18.

Stutt dagskrá hefst kl. 16:00 í veitingasalnum, en að henni lokinni gefst öllum tækifæri til að skoða nýja ráðhúsið í gamla Stjórhusalnum og menningarmiðstöðina á neðri hæðinni. En óhætt er að segja að gjörbreyting hafi orðið á Félagsheimili Hrunamanna á síðustu mánuðum.

Í framtíðinni mun félagsheimilið okkar iða enn frekar af lífi og fjöri og fjölbreyttri starfsemi fyrir alla aldurshópa.

Veitingar að hætti hússins. Nú gefst frábært tækifæri til að kynnst nýjum fjölbreyttum rýmum í húsinu.

Verið öll hjartanlega velkomin.



Sveitarstjórn hefur þegar haldið sinn fyrsta fund í nýja ráðhúsinu.



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14

845 Flúðir

flight@simnet.is

Sími 699 0757



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Hrunamannahreppur

velliðan fyrir alla



Grænna land ehf.

Hellulagnir - Áburðargjöf

Beðahreinsun - Garðsláttur

Garðauðun - Trjáklippingar

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Pökulagnir - Trjáplöntusala

Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími 858 3399

graennaland@simnet.is



Sundlaugin á Flúðum

16. ágúst - 31. maí

Opin alla virka daga frá kl. 16:00 - 20:30

Morgunopnun á fimmtudögum

frá kl. 6:00 - 9:00

Laugardaga og sunnudaga

frá kl. 13:00 - 18:00.

Tækjasalur á Flúðum

Opnunartími tækjasals:

Á virkum dögum:

kl. 6:00-14:00 án starfsmanns

kl. 14:00-20:00 með starfsmanni

Um helgar:

kl. 6:00-20:00 án starfsmanns

Vinsamlegast athugið að gengið er inn á neðri hæð, bílastæðamegin.

Árskort sem gilda í sundlauginu, íþróttu- og tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins 19.000 kr. til áramóta. Minnum á að hjá flestum stéttarfélagum er hægt að sækja um styrk.



Það er gaman í Danmörku

10. bekkur fór í Danmerkuferð 15.–19. september. Fyrsti áfangastaðurinn var Holbæk, um klukkustund frá Kaupmannahöfn. Þar dvöldu nemendur til miðvikudagsmorguns og tóku okkar ungmennti þátt í dagskrá með nemendum frá Holbæk Lilleskole. Á meðal viðfangsefna voru hópeflisleikir, gönguferðir um bæinn í litlum hópum, keila, sameiginlegar máltíðir og ýmis önnur fjölbreytt dagskrá. Íslensku nemendurnir gistu hjá dönskum jafnöldrum sínum, sem reyndist mörgum eftirminnilegt.

Seinni hluti ferðarinnar fór fram í Kaupmannahöfn. Gengið var mikið, um 20 km á dag, og nemendur kynntust vel samgöngukerfi borgarinnar. Einnig var farið í dýragarðinn, upp í Sívalaturninn, í siglingu og í Tívolí, sem átti vinninginn hjá mörgum. Ekki má gleyma kvöldverðinum sem voru mikil upplifun: Fyrri kvöldið á hlaðborðsveitingastaðnum Flammen og það síðara á McDonald's, sem margir töldu ómissandi menningarupplifun.

Við þökkum kærlega fyrir frábæran stuðning sveitunga okkar.

GLEÐI OG GÖNGUR

Flúðaskóli tók þátt í útivistaráttakinu „Göngum í skólann“. Nemendur hófu mánuðinn á göngu um nærumhverfi skólans og skildu eftir falleg skilaboð

og myndir til að gleðja nærsamfélagið. Að ósk nemenda var Gleðifáninn tekinn með – „við erum öll velkomin,“ eins og einn nemandi orðaði það.

Leikskólabörn skrifuðu einnig stóra kveðju á bílaplan leikskólans sem var hugsuð sem sem kveðja frá leikskólanemendunum til foreldra sinna.



Þann 11. september gengu allir nemendur á Miðfell og íþróttakennsla í september fór að mestu fram utandyra. Nemendur í 1.–4. bekk fóru í fjöruferð þar sem dagurinn fór í rannsóknarvinnu og útivist.

Í lok átaksins barst ánægjuleg frétt: Flúðaskóli var einn af þremur skólum sem voru dregnir út sem vinningshafar átaksins. Verðlaunin voru 150.000 kr. inneign í íþróttavöruverslun Altís, sem mun nýtast vel til að styðja áfram við hreyfingu nemenda.


HALLDÓRSMÓTIÐ HALDIÐ Í ÁTJÁNDA SINN

Halldórsmótið í skák fór fram 14. nóvember en það er árlega haldið til minningar um Halldór Gestsson, fyrrverandi húsvörð Flúðaskóla, en hann var mikill skákáhugamaður. Þetta var í 18. sinn sem mótið var haldið. Að venju var þátttaka mjög góð en nemendur í 3.–10. bekk tóku þátt.



Í fyrsta sinn var einnig keppt í yngstu bekkjunum tveimur í sérstökum leik sem kallast „köttur og mús“ þar sem aðeins er teflt með hrók og fimm peð. Nýjungin heppnaðist afar vel og er líklega komin til að vera.



Í anda Halldórs var boðið upp á vöfflur með glassúr um miðbik mótsins. Meistarar þessa árs voru Garðar Jóhannes Elvarsson í yngri flokknum og Snorri Ingvarsson í eldri flokknum, en Snorri vann sinn flokk þriðja árið í röð.



VISS fréttir eru um ýmis konar hluti ásamt fréttum úr nágrenninu og skemmtilegar staðreyndir



VISSIR ÞÚ AÐ...

VISS- básinn verður á jólamarkaðnum og við munum selja jólavörurnar okkar? **Föstudaginn**

5. desember kl. 10-12 verður Jólamarkaður í kjallaranum hjá VISS. Heitt súkkulaði og nýbakaðar smákökur. **Laugardaginn 6. desember**, kl. 13-16 verður Jólamarkaður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum, og við verðum þar.

Kaka

2 dl sykur
2 dl hveiti
2 egg
2 tsk. kanill
1 tsk. natron
1 tsk. lyftiduft
1 dl matarolía
3 dl gulrætur raspaðar
(má vera aðeins meira)

Rjómaostakrem

200 gr rjómaostur
1 msk. smjör
2 dl flórsyskur
1 msk. vanillusyskur

Gulrótakaka

Ég þakka Ástu Rún Jónsdóttur fyrir að skora á mig!

Mín uppskrift er gulrótarkaka, og hún verður auðvitað best með gulrótum frá Grafabakka.

Ég skora svo á Dínu Rut Karlsdóttur að koma með næstu uppskrift.



Allt sett í skál nema gulræturnar og blandað vel sama og þá er gulrótunum bætt við.

Svo er þetta sett í kringlótt form og bakað í 40 mín. á 175°C.

Rjómaostakrem

Rjómaostur og smjör er hrært vel saman áður en að flórsykri og vanillusykri er bætt við

Kakan er látin kólna áður en kremið er sett á.

HREPPAMAÐUR MÁNAÐARINS

Hreppamaður mánaðarinn er viðtal við einstakling sem býr í Hrunamannahreppi en sem er ekki endilega fæddur og uppalinn í hreppnum. Skemmtileg leið til að kynnst sveitugum okkar.

Hvað heitir þú og hvar áttu heima? Ég heiti Krzysztof Opalka og ég bý á Smiðjustíg 15b. Flestir þekkja mig sem Kriss.

Hvað hefur þú búið lengi í Hrunamannahreppi? Ég hef búið á Íslandi í 29 ár, á Flúðum í 26 ár.

Við hvað ertu að starfa? Ég vann á Melum í 25 ár með Helgu og Gussa. Þetta var frábært starf. Ég gerði nánast allt, allt frá því að vinna í gróðurhúsinu til ýmissa viðgerða og annarra verka. Mér líkaði mjög vel við þetta starf því ég elska að vera í kringum gróður. Ég er í veikindaleyfi núna og er að sinna plöntunum mínum. Ég á 50 blómplöntur heima hjá mér og nokkur ávaxtatré og ávaxtarunna fyrir framan húsið.

Uppáhaldsstaðurinn þinn í Hrunamannahreppi? Uppáhaldsstaðurinn minn er Álatjörn nálægt Þverspyrnu því þar get ég fundið frið og slakað á í náttúrunni og veitt góðan silung.

Hvað er það besta við Hrunamannahrepp? Á þeim langa tíma sem ég hef búið hér hef ég lært að fólk og nágrannar eru mjög góðir, því alltaf þegar ég hef þurft á hjálp að halda, þá vísuðu þeir mér aldrei frá, svo ég hjálpaði eins mikið og ég gat. Ég get sagt að þetta er það sem sannir vinir gera.


Finnst þér þú vera Hreppamaður? Eftir 25 ára búsetu hér tel ég mig vera Hreppamann. Mér líður vel hér og mér finnst ég öruggur. Fólk ber virðingu fyrir mér og ég ber virðingu fyrir því, sama frá hvaða landi við komum. Ég á heimili og vini hér.



FRÓÐLEISKMOLI

Jonni er nýi VISS starfsmaðurinn okkar sem býr í Skaftholti og vinnur einnig í Krumbúðinni á Flúðum. Jonni elskar hesta og er hestamaður. Jonni hefur tekið saman nokkrar áhugaverðar staðreyndir um hesta fyrir ykkur.

1. Hestar geta ekki andað í gegnum munninn. Hestar verða að anda að sér með nefinu. Þetta þýðir að þeir geta ekki andað í gegnum munninn eins og menn. Hestar geta aðeins andað í gegnum nefið.
2. Hestar elska sætan mat og hafna súrum eða beiskum mat.
3. Hestar eru mjög klárir, þeir eru rétt á eftir filum í minni.
4. Hestar geta sofið standandi.
5. Hestar hafa 10 mismunandi vöðva í eyrunum. Þetta gerir þeim kleift að snúa eyrunum í næstum 180 gráður og geta hreyft þau sjálfstætt. Menn hafa aðeins þrjá vöðva í eyrunum.
6. Talið er að elsti forfaðir hestsins hafi lifað fyrir 55 milljónum ára. Þessi forfaðir var aðeins á stærð við labrador retriever.





Aðventa gengur í garð

29. nóvember - laugardagur: Helgistund í *Hrunakirkju* kl. 14 og helgistund í *Hrepphólakirkju* kl. 15. Kveikt á ljósum í kirkjugörðum.

30. nóvember – fyrsti sd. í jólaföstu:

Aðventuhátíð í Árnesi kl. 15. Nemendur úr Þjórarskóla syngja og leika. Fermingarbörn verða með upplestur. Ræðumaður verður Guðmundur Finnbogason, skólastjóri Þjórarskóla. Almennur söngur. Kaffiveitingar á eftir.

Aðventukvöld í Hrunakirkju kl. 20. Kirkjukórinn syngur, fermingarbörn verða með upplestur og flutt verður jólasaga. Ræðumaður er Eydís Sigurborg Benediktsdóttir. Almennur söngur. Kaffiveitingar á eftir.

21. desember: Vetrarsólstöðutónleikar Kirkjukórs Hruna- og Hrepphólasókna í *Hrunakirkju* kl. 20.

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur: Jólakirkjuskóli í *Hrepphólakirkju* kl. 11.

Guðspjónusta á aðfangadagskvöld í *Stóra-Núpskirkju* kl. 23.

25. desember - jóladagur: Hátíðarmessur. *Ólafsvallakirkja* kl. 11 og *Hrepphólakirkja* kl. 13.

Ljósaguðspjónusta á jóladagskvöld í Hrunakirkju kl. 22.

31. desember - gamlársdagur Guðspjónustur á gamlársdag.
Stóra-Núpskirkja kl. 11 og *Tungufellskirkju* kl. 14.

4. janúar – fyrsti sunnudagur í nýári: Nýármessa í *Hrepphólakirkju* kl. 14.
Grautur og slátur á eftir.

Elskulegu sveitungar!

Ég óska ykkur öllum friðsællar aðventu og gleðilegra jóla.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson sóknarprestur

VETRARSÓLSTÖÐUTÓNLEIKAR

KIRKJUKÓRS HRUNA- OG HREPPHÓLASÓKNA

Vetrarsólstöðutónleikar kirkjukórsins verða í Hrunakirkju
sunnudaginn 21. desember kl. 20:00.

Á tónleikunum verður m.a. flutt nýja verkið eftir Möggu S. Brynjólfsdóttur frá
Túnsbergi, sem var áður flutt í Skálholti í nóvember. Nú gefst þeim sem misstu af þeim
tónleikum tækifæri til að upplifa þetta fallega og hugljúfa verk.

Komdu endilega og njóttu fallegs söngs og jólastemningar í Hrunakirkju á aðventunni.

Verið öll velkomin!

Jóla- og áramótakveðja

Sendum íbúum Hrunamannahrepps,
sumarhúsaeigendum og öllum
viðskiptavinum nær og fjær, hugheilar
jóla- og nýárskveðjur með kærum
þökkum fyrir ánægjulegt samstarf og
skemmtilegar samverustundir á árinu
sem er að líða.

*Sveitarstjórn og starfsfélk
Hrunamannahrepps*



ÁRAMÓTABRENNUR Á FLÚÐUM

Áramótabrenna verður á tjaldsvæðinu
á Flúðum, gamlársdag, kl. 17:00.

Fylgist með auglýsingu vegna
prettándabrennu og flugeldasýningar á
samfélagsmiðlum þegar nær dregur.



Glæsilegur árangur Hrunamannahrepps í sveitarfélagi ársins 2025

Hrunamannahreppur lenti í þriðja sæti í könnuninni Sveitarfélag ársins 2025. Er þessi niðurstaða ánægjuleg viðurkenning til starfsmanna og stjórnenda sem og einnig til sveitarstjórnar sveitarfélagsins. Þessi viðurkenning hvetur okkur öll áfram til að gera enn betur í framtíðinni og búa starfsmönnum eins góð skilyrði og kostur er. Á viðurkenningarhátíðinni var fjórum sveitarfélögum veitt viðurkenning fyrir bestu heildarniðurstöðu þátta sem stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga. Sveitarfélögin í Upp-

sveitum Árnessýslu skipuðu sér í öll efstu sætin og það var alveg einstaklega skemmtilegt að vera þar í þessum góða félagsskap. Bláskógabyggð vermir fyrsta sætið, Grímsnes- og Grafningshreppur annað, Hrunamannahreppur

það þriðja og Skeiða- og Gnúpverjahreppur það fjórða.

Uppsveitirnar eru sennilega landsins besti staður. Við sendum okkar bestu hamingjuóskir til okkar góðu granna og auðvitað til allra starfsmanna með þessa frábæru niðurstöðu.





Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is




**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



BORGTHOR ehf
Öll almenn gröfuhjónusta.
Útvegum allar gerðir
yllingarefna



Bubbi 899-0816
Margrét 699-4001

Fóttaadgerðastofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a
Tímappantanir í síma
867 6580



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæsla Uppsveita

Heilsugæsla Uppsveita er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímappantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.

Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.


Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).



Opið hús í nýju skjalageymslunni á Flúðum

Þann 1. desember verður Héraðsskjalasafn Árnesinga 40 ára. Stofndagsetningin miðar við staðfestingu Sýslunefndar Árnessýslu á stofnsamþykkt safnsins. Síðan þá hefur skjalasafnið vaxið og dafnað og veitt Árnesingum þjónustu allt árið um kring. Héraðsskjalasafnið er með skrifstofur og skjalageymslu að Austurvegi 2 á Selfossi og fjargeymslu að Háheiði 9 á Selfossi, en sú aðstaða er fyrir löngu orðin of lítil. Það var því fagnaðarefni þegar skjalasafnið fékk afhent fyrr á þessu ári nýja skjalageymslu við Hrunamannaveg 3 á Flúðum sem safnið mun leigja af Hrunamanna-hreppi. Nýja skjalageymslan er 327 fm. að stærð og leysir geymsluvanda skjalasafnsins til framtíðar. Þegar hafa verið settir upp sérhannaðir skjalaskápar í geymslunni sem rúma munu um 1300 hillumetrar af skjölum. Hrunamenn hafa tekið starfsmönnum skjalasafnsins afar vel og verður vonandi um langt og farsælt samstarf að ræða.

Í tilefni af afmælinu verður opið hús í nýju skjalageymslunum við Hrunamannaveg þann 1. desember 2025 frá kl. 16-18. Gestum og gangandi gefst þá kostur á að skoða nýja húsnæðið og þiggja veitingar í tilefni dagsins.



Á myndinni má sjá Þorstein Má, héraðsskjalavörð Árnesinga og Guðmundu starfsmann safnsins.

ÍBÚAFUNDUR

Íbúar Hrunamannahrepps eru hvattir til að mæta á íbúafund sem haldinn verður í Félagsheimili Hrunamanna þriðjudaginn 25. nóvember kl. 17:00.

Dagskrá:

- Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps og stofnana sveitarfélagsins fyrir 2026–2029, ásamt fjárfestingum
- Önnur mál

Þetta er frábært tækifæri til að kynna sér framtíðarstefnu sveitarfélagsins og koma með spurningar og/eða ábendingar.

Allir íbúar hjartanlega velkomnir!



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum

Sími 861 9682



Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur

Axel

Sími 860 7073

HJÓNABALL 2026

**HÍÐ ÁRLEGA SÍVINSÆLA HJÓNABALL HRUNAMANNA
VERÐUR HALDIÐ LAUGARDAGINN 7. MARS.**

**TAKIÐ DAGINN FRÁ OG FYLGIST MEÐ FREKARI
TILKYNNINGUM HJÓNABALLSNEFNDARINNAR.**

ÞAÐ VILL ENGINN MISSA AF ÞESSARI SKEMMTUN.

NEFNDIN

Jólamarkaður á Flúðum 2025

**Jólamarkaðurinn á Flúðum hefur nú þegar markað sér sess í
upphafi jólaundirbúnings á fjölmörgum heimilum.**

Markaðurinn verður haldinn laugardaginn 6. desember 2025,
milli kl. 13:00 og 16:00.

Þeir sem vilja taka þátt í markaðsstemningunni og vera með
sölubás eru hvattir til að hafa samband við Ragnhildi, formann
Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar, á netfangið ragnhildur@fludir.is.

Barnaskemmtun kvenfélagsins

**Barnaskemmtun verður haldin í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn
27. desember kl. 14-16. Skemmtunin er öllum opin og enginn aðgangseyrir.**

Jólasveinar koma í heimsókn, dansað verður í kringum jólatréð,
hugvekja, nammipokar og trúbador.

Gott væri að þeir sem geta komi með eitthvað á hlaðborðið
einnig býrður félagið upp á eitthvað líka.

Safar og kaffi í boði.

